

Nd.

740. Frumvarp til laga

[239. mál]

um Orkubú Vestfjarða.

(Eftir 3. umr. í Ed., 11. maí.)

Samhljóða þskj. 495 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Orkubú Vestfjarða.

5. gr. hljóðar svo:

Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubú Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarma-virkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi, enda yfirtaki fyrirtækið samkvæmt samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra, sem það tekur við.

12. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum er Orkubú Vestfjarða tekur til orkuframkvæmda, að fjárhæð allt að 2500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar ríkisstjórnin Orkubú Vestfjarða með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

15. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra beita sér fyrir, að sameignarsamningur sé gerður milli aðila og stofnfundur fyrirtækisins haldinn samkvæmt reglum 9. gr. eftir því sem við á. Skal þessu lokið á árinu 1976.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal ákveðið um framkvæmd þessara laga og starfsemi Orkubús Vestfjarða. Skal stjórn Orkubús Vestfjarða undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.